

Ed.

819. Frumvarp til laga

[260. mál]

um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hún er háskóla-  
stofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyrir undir menntamála-  
ráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveislu og umsjón með handritum þeim  
og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

2. gr.

Stofnunin varðveitir handrit þau og skjalagögn, sem ríkisstjórn Íslands hefur  
veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning  
á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörzlu og  
umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

Enn fremur varðveitir stofnunin önnur handrit og gögn, sem hún á og kann að  
eignast eða henni verða falin til varðveislu.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum  
og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta gerir stofnunin með öflun og  
varðveislu gagna um þessi efni, sbr. 2. gr., rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu  
handrita og fræðirita, hljóðritun þjóðfræðaeftis og með hverju öðru, sem stutt  
getur að þessu markmiði.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annast sérstakur forstöðumaður. Hann annast og fræðilega  
stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum  
í reglugerð. Forstöðumaður skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með  
takmarkaðri kennsluskyldu og leiðbeina þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni  
til lokaprófs. Um veiting starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur  
prófessorsembætti.

Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar,  
rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn  
skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf  
eru ólaunuð.

5. gr.

Við stofnunina starfa sérfræðingar, sem hafa þar fullt og fast starf, eftir því  
sem fé er veitt til í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðherra.  
Auk þess starfa við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir eru til náms og starfa  
takmarkaðan tíma í senn. Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslíð.

6. gr.

Heimilt er með reglugerð að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum.  
Kjarni stofnunarinnar skal vera sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir  
handritum, svo og rannsóknir á þeim.

7. gr.

Háskólaráð kýs stofnuninni tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn,  
og skulu þeir líta eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar  
Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar,  
þ. á m. um réttindi og skyldur starfsmanna í því efni.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí  
1969, um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur  
við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands.